



Eftirlit með rafhlöðum, rafgeymum og raf- og rafeindatækjaúrgangi 2015

–*Samantektarskýrsla um eftirlit árið 2015*

1. Formáli

Eftirlit þetta byggir á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, reglugerð nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma og reglugerð nr. 442/2015 um raf- og rafeindatækjaúrgang. Markmið eftirlitsins er að hækka söfnunarhlutfall þessa úrgangs, fylgja eftir banni og takmörkunum á tilteknum efnum í rafhlöðum og rafgeymum og sjá til þess að upplýsingagjöf fyrirtækja til viðskiptavina sé fullnægjandi.

Samkvæmt reglugerðunum er Umhverfisstofnun falið eftirlit með framkvæmd reglugerðanna og hefur því sett upp áætlun þess efnis fyrir tímabilið 2015–2017.

Í eftirlitinu felst að skoða hvort **framleiðendur og innflytjendur rafhlaðna og rafgeyma**:

- Veiti kaupendum upplýsingar um flokkun, meðhöndlun og efnainnihald
- Séu skráðir í skráningarkerfi fyrir framleiðendur og innflytjendur
- Selji einungis vörur merktar tunnummerki
- Fari eftir takmörkunum á efnainnihaldi skv. reglugerð

Í eftirliti með **sölu- og dreifingaraðilum rafhlaðna og rafgeyma** hvort:

- Tekið sé á móti notuðum rafhlöðum og rafgeymum
- Farið sé eftir takmörkunum á efnainnihaldi skv. reglugerð

Í eftirliti með **raf- og rafeindatækjum hjá framleiðendum og innflytjendum** er skoðað hvort:

- Aðilar séu skráðir í skráningarkerfi fyrir framleiðendur og innflytjendur
- Kaupendum séu veittar upplýsingar um flokkun og meðhöndlun þessara vara
- Varan beri tunnummerki

Auk þessa ber Umhverfisstofnun að hafa eftirlit með því að aðrir aðilar nefndir í reglugerðum, eins og sveitarfélög og Úrvinnslusjóður, sinni skilgreindu hlutverki sínu. Tilgangur þessarar skýrslu er að upplýsa um framgang og niðurstöður eftirlits síðasta árs.



2. Undirbúningur

Árið 2015 var fyrsta árið sem farið var með eftirlit vegna reglugerðanna á vegum Umhverfisstofnunar. Í upphafi var lögð mikil vinna í að tryggja gæði eftirlitsins og upplýsa verðandi eftirlitsþega um það sem í vendum væri. Sú vinna fól í sér að gera verkáætlun og eftirlitsáætlun fyrir árin 2015-2017. Einnig voru útbúin stöðluð bréf fyrir eftirlitið og verkferlar myndaðir. Upplýsingar til eftirlitsþega voru settar inn á vefsíðu Umhverfisstofnunar og haldinn var opinn kynningarfundur í nóvember. Einnig var haldinn samráðsfundur með Sambandi íslenskra sveitarfélaga og könnun send út til sveitarfélaga um söfnun RR og WEEE og upplýsingagjöf til íbúa.

Eftirlitið árið 2015 miðaðist við að skoða fyrst og fremst þá aðila sem flytja inn mesta magnið af rafhlöðum, rafgeymum og raf- og rafeindatækjum. Einnig var lögð áhersla á að skoða innlend fyrirtæki sem framleiða þessar vörur en eru ekki á skráningarlista yfir framleiðendur og innflytjendur hjá Ríkisskattstjóra og greiða þar af leiðandi ekki úrvinnslugjald. Í eftirlitinu kom í ljós að mörg fyrirtækjanna sem flytja inn rafhlöður og rafgeyma og/eða raf- og rafeindatæki eru einnig sölu- og/eða dreifingaraðilar og því jókst umfang þess eftirlits töluvert.

Upplýsingar um innflytjendur voru fengnar frá Tollstjóra. Árið 2015 voru innflytjendur raf- og rafeindatækja um 2.200, þar af voru 1.680 á höfuðborgarsvæðinu og 520 á landsbyggðinni, og innflytjendur rafhlaðna og rafgeyma um 1.000, þar af um 800 á höfuðborgarsvæðinu og um 200 á landsbyggðinni.

Listi yfir sölu- og dreifingaraðila rafhlaðna og rafgeyma var fenginn frá Creditinfo og voru það aðilar sem féllu undir flokkana: matvöruverslanir, raftækjaverslanir, bifreiðaumboð og birgjar.

Eftirlitið árið 2015 beindist að fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu og á Vesturlandi. Vegna þess að flest fyrirtækin og þau stærstu eru á höfuðborgarsvæðinu verður áfram meiri áhersla lögð á eftirlit þar.

3. Framkvæmd

Eftirlitið fór fram í nóvember og desember 2015 og gekk vel í flestum tilvikum. Töluverður tími fór í skrif á eftirlitsskýrslum og bréfum og síðan í eftirfylgni og aðstoð við eftirlitsþega. Eftirfylgni ársins 2015 er ekki að fullu lokið þar sem enn vantar úrbætur frá einum aðila, sem haldið verður áfram að fylgja eftir.

Eftirlit með framleiðendum rafhlaðna, rafgeyma og raf- og rafeindatækja

Að ósk Úrvinnslusjóðs var sérstaklega skoðað hvaða aðilar eru að framleiða rafhlöður og rafgeyma og/eða raf- og rafeindatæki á Íslandi en greiða ekki úrvinnslugjald vegna þeirrar framleiðslu. Haft var samband við Ríkisskattstjóra í nóvember sem hafði þá sent út bréf á nokkra aðila sem gætu fallið undir ákvæði um úrvinnslugjald en RSK hafði ekki náð að vinna úr þeim gögnum. Umhverfisstofnun skoðaði því nokkra aðila sem gætu fallið undir eftirlitið. Þeirri skoðun lauk með því að farið var í eftirlit hjá Marel hf. og Rafal ehf. Niðurstaða eftirlitsins var að fyrirtækin voru ekki á skrá hjá Ríkisskattstjóra en úr því hefur verið bætt. Jafnframt skorti upplýsingagjöf til viðskiptavina og merkingar á vörur. Eftirliti er lokið hjá báðum aðilum, að gerðum úrbótum.

Eftirlit vegna reglugerðar nr. 442/2015

Eftirlit var framkvæmt hjá ellefu aðilum sem flytja inn raf- og rafeindatæki á höfuðborgarsvæðinu. Ekki var talið nauðsynlegt að skoða innflutningsaðila á Vesturlandi vegna þess hve lítill innflutningurinn var þar miðað við höfuðborgarsvæðið.



Innflutningsaðilar Hbsv.	Innflutningsaðilar Vesturland
Húsasmiðjan	
Eirberg ehf	
Advania hf	
Nýherji hf	
Byko ehf	
Heimilistæki	
Bauhaus slhf.	
Rafal ehf	
Opin kerfi hf	
Smith og Norland hf	
Ormsson ehf.	

Alls voru 64 raf- og rafeindatæki skoðuð í eftirliti 2015

Eftirlit vegna reglugerðar nr. 1020/2011

Eftirlit var framkvæmt hjá þrettán aðilum sem flytja inn rafhlöður og rafgeyma á höfuðborgarsvæðinu og þremur aðilum á Vesturlandi.

Innflutningsaðilar Hbsv.	Innflutningsaðilar Vesturland
Húsasmiðjan	Olíuverzlun Íslands hf.
Eirberg ehf	N1
Advania hf	Kaupfélag Borgfirðinga
Nýherji hf	
Byko ehf	
Heimilistæki	
Bauhaus slhf.	
Rafal ehf	
Opin kerfi hf	
Smith og Norland hf	
BL ehf.	
Hekla hf	
Rafgeymasalan ehf	

Alls voru 54 rafhlöður og rafgeymar skoðuð í eftirliti 2015.

Eftirlit með sölu- og dreifingaraðilum

Eftirlit var framkvæmt hjá þrettán sölu- og dreifingaraðilum rafhlaðna og rafgeyma á höfuðborgarsvæðinu og þremur á Vesturlandi.

Sölu- og dreifingaraðilar Hbsv.	Sölu- og dreifingaraðilar Vesturland
Húsasmiðjan	Olíuverzlun Íslands hf.
Eirberg ehf	N1
Advania hf	Kaupfélag Borgfirðinga
Nýherji hf	
Byko ehf	
Heimilistæki	
Bauhaus slhf.	
Rafal ehf	
Opin kerfi hf	
Smith og Norland hf	
BL ehf.	
Hekla hf	
Rafgeymasalan ehf	



4. Eftirlit með sveitarfélögum

Í báðum reglugerðum kemur fram að sveitarfélög skulu taka gjaldfrjálst á móti notuðum rafhlöðum, notuðum rafgeymum og raf- og rafeindatækjaúrgangi frá heimilum. Auk þess ber sveitarfélögum að veita leiðbeiningar um hvernig eigi að flokka þennan úrgang, hvert eigi að skila honum og fyrirmæli um að hann megi ekki fara með almennum úrgangi.

Í þeim tilgangi að skoða hvort sveitarfélög væru að fara eftir þessum reglugerðum var sent út bréf með spurningakönnun, í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga þar sem óskað var eftir upplýsingum um stöðu þessara mála. Eftirfarandi spurningar voru sendar:

Umhverfisstofnun, í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, óskar hér með eftir upplýsingum frá sveitarfélögum um eftirfarandi atriði:

- 1) Heiti sveitarfélagsins
- 2) Er sveitarfélagið með gjaldfrjálsa móttöku í sveitarfélaginu fyrir **notaðar rafhlöður og rafgeyma frá heimilum**?
Já
Nei
- 3) Hefur sveitarfélagið birt leiðbeiningar til íbúa um hvernig beri að flokka **notaðar rafhlöður og rafgeyma** og skila þeim til söfnunarstöðva?
Já, með upplýsingum beint á heimilin t.d. með auglýsingum í blöðum eða dreifibréfi
Já, með upplýsingum á heimasíðu sveitarfélagsins
Já, með öðrum hætti
Nei
- 4) Er sveitarfélagið með gjaldfrjálsa móttöku í sveitarfélaginu fyrir **raf- og rafeindatækjaúrgang frá heimilum**?
Já
Nei
- 5) Hefur sveitarfélagið birt leiðbeiningar til íbúa um hvernig beri að flokka **raf- og rafeindatækjaúrgang frá heimilum** og skila til söfnunarstöðva?
Já, með upplýsingum beint á heimilin t.d. með auglýsingum í blöðum eða dreifibréfi
Já, með upplýsingum á heimasíðu sveitarfélagsins
Já, með öðrum hætti
Nei

Aðeins 25 sveitarfélög af 74 svöruðu könnuninni (34%) og ef mið er tekið af íbúafjölda þá var svarhlutfall 16%. Í nánast öllum tilfellum voru svörin játandi en þó voru 8% sem svöruðu neitandi varðandi það að bjóða uppá gjaldfrjálsa móttöku á RR og 4% á WEEE. Eins svöruðu 16% sveitarfélaga því til að þau birti ekki leiðbeiningar varðandi RR og 20% varðandi WEEE.

5. Niðurstöður

Árið 2015 var farið í 43 eftirlit til alls 17 fyrirtækja sem ýmist voru framleiðendur eða innflytjendur rafhlaða, rafgeyma og raf- og rafeindatekja eða sölu- og dreifingaraðili rafhlaða og rafgeyma. Alls voru 118 vörur skoðaðar og voru gerðar athugasemdir í 76 tilvikum. Allir aðilarnir í eftirlitinu þurftu að gera úrbætur hjá sér sem vörðuðu ýmist tunnummerki á vöru, upplýsingaskyldu, móttöku og efnainnihald. Sjá má frekari greiningu á því í eftirfarandi töflu. Eftirfylgni tók töluvert meiri tíma en gert var ráð fyrir þar sem meira var um athugasemdir og frávik en í upphafi var gert ráð fyrir.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá greiningu á fjölda frávika/athugasemda hjá mismunandi flokkum eftirlitsþega.

Eftirlit	Fjöldi frávika/ athugasemda	Innflytjendur og framleiðendur WEEE	Hlut- fall	Innflytjendur og framleiðendur RR	Hlut- fall	Sölu- og dreifingar- aðilar RR	Hlut- fall
Skráning hjá RSK	2	2	1,2%	-			
Móttaka á notuðum rafhlöðum og rafgeymum (athugasemd)	13	Af 15 söluaðilum rafhlaðna og rafgeyma vantaði móttöku hjá 13 aðilum					87%
Tunnummerki (frávik)	11	Af 118 vörum sem skoðaðar voru vantaði tunnummerki á 11 þeirra					9%
Innihald kadmíum og kvikasilfurs (athugasemd)	25	-		Af 118 vörum sem skoðaðar voru vantaði upplýsingar um innihald á 25 þeirra			21%
Upplýsingagjöf til neytenda (frávik)	25	Af 118 vörum sem skoðaðar voru skorti upplýsingagjöf til neytenda á 25 þeirra					21%

Næstu skref varðandi sveitarfélögin verður að benda þeim á niðurstöðu spurningakönnunarinnar, auk þess sem farið verður í frekari vinnu með Sambandi íslenskra sveitarfélaga við að upplýsa sveitarfélögin um skyldu sína á þessu sviði.